

Framhaldsskóli

Menntaskóli Borgarfjarðar

Námsgrein/ Lýsandi nafn á áfanga

SÁLF2PS06 þroskasálfræði

Fjöldi framhaldsskólaeininga (fein)

(á ekki við)

Undanfari

Nemandi hafi lokið áfanganum SÁLF2IS06

Lýsing á efni áfangans:

Markmið áfangans er að nemendur kynnist viðfangsefnum, rannsóknaraðferðum og helstu álitamálum í þroskasálfræði, þ. á m. hvort erfðir eða uppeldi ráði mestu um eiginleika einstaklingsins. Fjallað er um þróun þroskasálfræði og helstu kenningar; um þroskaferillinn frá getnaði til unglingsára og frá kynþroska til elliára. Fjallað er um vitsmuna-, persónuleika- og málþroska, þroskafrávik og orsök þeirra.

Kennslugögn:

Þroskasálfræði eftir Aldísi Guðmundsdóttur

Námsmat:

Rannsóknaráætlun (10%); rannsókn (20%); ýmis tímaverkefni og/eða próf (70%)

Lokamarkmið áfanga:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á :

- Helstu viðfangsefnum þroskasálfræðinnar
- Greinarmuninum á erfða- og umhverfisþáttum
- Helstu þroskaröskunum og viðbrögðum við þeim
- Þekktum tilviksathugunum og rannsóknum í þroskasálfræði
- Helstu gagnrýni á þroskasálfræðikenningar

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita hugökum þroskasálfræðinnar á skilmerkilegan hátt
- greina helstu áhrifaþætti og afleiðingar þroskaraskana
- greina grein fyrir kenningum og niðurstöðum rannsókna
- spyrja og ræða á gagnrýninn hátt um helstu viðfangsefni fagsins
- útskýra muninn á umhverfis- og erfðaþáttum

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- leita svara við þeim spurningum sem þroskasálfræðin leitar svara við sem er metið með prófum, verkefnum og umræðum
- fjalla um erfða- og umhverfisáhrif sem hafa áhrif á þroska sem er metið með prófum og verkefnum
- afla sér upplýsinga um þroskasálfræðilegt efni, greina aðalatriði þeirra og nýta sér til frekari vinnslu sem er metið með rannsókn sem unnin er í hóp eða ritgerð unninni af einstaklingi
- fjalla sjálfstætt og í samvinnu við aðra um þroskasálfræði á gagnrýninn hátt sem er metið með einstaklings- og hópaverkefnum